

Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun

1. Viðauki vegna samnings við Bandalag íslenskra skáta vegna heimsmóts skáta

Lagt er til að fjárheimildir til íþróttá og tólmstundaráðs (ÍTR) hækki um 10.000 þkr. vegna samnings við Bandalag íslenskra skáta (BÍS) vegna heimsmóts skáta (World Scout Moot) á Íslandi árið 2017. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað I9320, vekefni I296.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -10.000
ÍTR	I9320	Samningur Bandalag íslenskra skáta v/heimsmóts skáta	Til 10.000
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Á 5439 fundi borgarráðs þann 19. janúar, liður 23, var samþykkt tillaga borgarstjóra dags. 17. janúar s.l. um gerð samnings við Bandalag íslenskra skáta vegna heimsmóts skáta (World Scout Moot) á Íslandi árið 2017. Greinargerð fylgir tillögunni R16050179.

2. Viðauki vegna tónlistarskóla (SFS) (JS hækkun)

Lagt er til að fjárheimildir hjá skóla og frístundarsviðs hækki um 6.047 þkr. vegna hækkunar á framlagi Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna. Breytingin verður fjármögnuð með hækkun jöfnunarsjóðstekna, kostnaðarstað 00103, og færist á kostnaðarstað M3110.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00103	Jöfnunarsjóðstekjur	-6.047
SFS	M3110	Tónlistarnám framlag jöfnunarsjóðs skv. 1.gr. viðabót	6.047
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Árlegt framlag hækkaði frá byrjun árs 2017 í samræmi við ákvæði 2. gr. samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. apríl 2016.

Reykjavíkurborg tekur við hækkuðum greiðslum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og reiknar upp framlög til tónlistarskóla.

3. Viðauki vegna götulokana tengdum íþróttaviðburðum

Lagt er til að fjárheimildir til umhverfis- og skipulagssviðs (USK) hækki um 15.000 þkr. vegna útgjalda við götulokanir tengdar íþróttaviðburðum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað 03212.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	-15.000
USK	03212	Götulokanir tengdar íþróttaviðburðum	15.000
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Á 5459 fundi borgarráðs þann 6. júlí, liður 20, var samþykkt tillaga staðgengils borgarstjóra dags. 23. júní s.l. Greinargerð fylgir tillögunni R16030185.

4. Viðauki vegna flutnings stöðugildis frá fjármálaskrifstofu til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Lagt er til að gerð verði tilfærsla á fjárheimildum innan skrifstofu miðlægrar stjórnarsýslu að fjárhæð 4.432 þkr. vegna flutnings stöðugildis frá fjármálaskrifstofu, kjaradeild yfir til skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara, mannauðsdeild. Kostnaður verði fjármagnaður með tilfærslu á fjármagni af kostnaðarstað 01245 og færist á kostnaðarstað 01240.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
RHS	01245	Fjármálaskrifstofa, kjaradeild	Frá -4.432
RHS	01240	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, mannauðsdeild	Til 4.432
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

5. Viðauki vegna fundaraðar ofbeldisvarnarnefndar Ungt fólk og ofbeldi

Lagt er til að fjárheimildir til mannréttindaskrifstofu (RHS) hækki um 772 þkr. vegna útgjalda við fundarröð ofbeldisvarnarnefndar Ungt fólk og ofbeldi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað 01271, verkefni 02719.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -772
RHS	01271	Ofbeldisvarnarnefnd, fundarröðin Ungt fólk og ofbeldi	Til 772
			Samtals 0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Tillagan var samþykkt á 5466 fundi borgarráðs þann 14.09.2017, liður 38. Greinargerð fylgir tillögunni R17060059.

6. Viðauki vegna Sköpunartorgs á vef Reykjavíkurborgar

Lagt er til að fjárheimildir til þróunar og nýsköpunar (RHS) hækki um 3.000 þkr. vegna útgjalda við verkefnið Sköpunartorg á vef Reykjavíkurborgar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað 09516.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá 3.000
RHS	09516	Sköpunartorg á vef Reykjavíkurborgar	Til -3.000
			Samtals 0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Tillagan var samþykkt á 5467 fundi borgarráðs þann 21.09.2017, liður 19. Greinargerð fylgir tillögunni R17020227.

Dagur B. Eggertsson